

## Svar

### menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur um hlutfall þjóðarframleiðslu fyrirtækja og félaga sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en krónu.

1. Hver var velta þeirra fyrirtækja og félaga, í einkarekstri sem og opinberum rekstri, sem fengu árið 2022 og 2023 heimild hjá ársreikningaskrá skv. 7. gr. laga um ársreikninga til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskrar krónu?
2. Hversu stór hluti af þjóðarframleiðslu var velta þessara fyrirtækja og félaga á sama tímabili?

Ekki liggja fyrir ársreikningar fyrir árið 2023 en árið 2022 voru 135 fyrirtæki sem gerðu upp í erlendri mynt og höfðu rekstrartekjur. Velta þeirra árið 2022 nam samtals 1.580.233 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá ársreikningaskrá og Hagstofu Íslands, sbr. töflu í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. Hver hefur þróunin verið sl. áratug hvað varðar hluta af þjóðarframleiðslu þessara fyrirtækja og félaga?

Eftirfarandi tafla sýnir, eftir árum, fjölda fyrirtækja/félaga sem höfðu rekstrartekjur á viðkomandi ári, veltu þeirra og hlutfall veltu af vergum þjóðartekjum.

	Fjöldi fyrirtækja sem gerði upp í erlendri mynt og hafði rekstrartekjur	Velta fyrirtækja sem gerðu upp í erlendri mynt (ISK)	Vergar þjóðartekjur	Hlutfall veltu fyrirtækja sem gerðu upp í erlendri mynt af þjóðartekjum (þjóðarframleiðslu)
2012	79	823.678	1.683.852	49%
2013	84	852.631	1.956.127	44%
2014	85	863.369	2.059.897	42%
2015	98	969.964	2.306.743	42%
2016	103	841.335	2.561.226	33%
2017	105	851.323	2.654.852	32%
2018	117	974.239	2.891.739	34%
2019	120	1.080.018	3.111.087	35%
2020	122	926.788	3.017.275	31%
2021	134	1.140.388	3.254.300	35%
2022	135	1.580.233	3.779.119	42%

\*Velta og þjóðartekjur eru í milljónum króna.

